

Að tala við heiminn Spjallað við Vigdísi Finnbogadóttur

Áður en Vigdís Finnbogadóttir varð forseti Íslands kenndi hún frönsku. Við munum mörg eftir henni á svarthvíta sjónvarpsskjánum heima í stofu þar sem hún horfði brosandi til okkar og sagði eitthvað fallett, sem bljómaði undarlega og fáir skildu. Vigdís var frönskukennari í áratug, fyrst í Menntaskólanum í Reykjavík og síðan í Menntaskólanum við Hamrablíð. Af leiksviði kennslunnar lá leið hennar í leikhúsið og þar næst í forsetaembættið, sem hún gegndi frá 1980 til 1996. Árið 1999 var Vigdís skipuð velgjörðasendiherra Menningarmálastofnunar Sameinuðu Þjóðanna (UNESCO) í tungumálum. Því embætti gegnir hún enn og minnir á mikilvægi tungumála og menningar á opinberum vettvangi hvert sem hún fer.

Brennandi ábugi Vigdísar á tungumálum og þeirri menningu sem þau miðla eru til vitnis um hefur aldrei farið leynt. Undanfarin ár hefur hún stutt dyggilega við starfsemi Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands og lagt henni lið með ýmsu móti, ekki síst hvatningarorðum, ráðum og dád við uppbyggingu á starfsemi hennar. Stofnunin sinnir rannsóknum á erlendum tungumálum, bókmenntum og menningu að ógleymdri kennslufræði erlendra tungumála. Nýlega flutti stofnunin, ásamt Mála- og menningardeild Háskóla Íslands, í glæsilega byggingu við Brynjólfsgötu, Veröld – hús Vigdísar, þar sem kennsla og rannsóknir í erlendum tungumálum fara fram. Þar er einnig til húsa Alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar, sem starfar undir merkjum UNESCO.

Nú um stundir stendur tungumálakennsla þó í ákveðnum skilningi á krossgötum: Þrátt fyrir alþjóðavæðingu og sívaxandi ferðalög fólks um allan heim, bæði vegna vinnu og tónstunda, hefur kennsla í erlendum

tungumálum verið skorin niður í skólakerfinu og þeim fækkar sem leggja stund á málanám, bæði í frambaldsskólum og háskólum.

Við sitjum heima í stofu hjá Vigdísi snemma árs 2018 og spjöllum um hvernig bregðast eigi við þessari þróun og um vægi og tilgang tungumálanáms almennt. En hver var kveikjan að þessari löngu vegferð Vigdísar um heim tungumálanna?

Þegar ég var lítil langaði mig að sjá heiminn. Til að geta séð heiminn hugsaði ég með mér að ég gæti orðið skipstjóri og þegar ég var spurð hvað ég ætlaði að verða þegar ég yrði stór svaraði ég því alltaf: „skipstjóri!“. Þá var mér klappað á kollinn og sagt, nei, það getur þú ekki því þú ert stelpa! Tímarnir hafa breyst mikið á áttatíu árum og nú er það þannig að þegar maður situr í háloftunum má heyra í hátalarakerfinu: Góðan daginn, þetta er flugstjórinn, Sigríður Sigurðardóttir ...

Ég komst snemma í snertingu við erlend tungumál og heyrði þau töluð á heimili mínu sem barn. Foreldrar mínir höfðu verið við nám í Danmörku, móðir mín einnig í Austurríki, og töluðu bæði þýsku og dönsku. Þegar þau vildu segja eitthvað sín á milli sem við krakkarnir máttum ekki skilja þá brugðu þau fyrir sig þessum tungumálum. Þegar stríðið braust út var ég níu ára gömul og það var mikið talað um styrjöldina. Ég var dauðhrædd um að ég kæmist ekki að sjá þennan heim og heyra þessa tungumál áður en það yrði búíð að eyðileggja þetta allt saman. Þannig að ég byrjaði að lesa, fyrst og fremst á dönsku. Amma mín var áskrifandi að dönsku vikublöðunum; hún var prestsmaddama í sveit og eftir að hún flutti suður voru blöðin geymd uppi á háalofti hjá henni og afa, bundin saman með snæri. Þannig fór ég að lesa á dönsku og í þessum vikublöðum var heilmikið af myndum sem ég skoðaði vel. Ég var staðráðin í því að sjá þennan heim og ég gerði mér líka grein fyrir því að ég yrði að geta talað við heiminn. Þannig kviknaði áhugi minn á tungumálum. Danskan kom fyrst út af dönsku blöðunum og mér er minnisstætt að ég varð fyrir miklum vonbrigðum þegar ég fór að læra ensku því að hún var svo ólík dönskunni. En þá gerði ég mér grein fyrir því hversu ólík tungumál væru, að þau væru ekki öll af sama meiði, enskan var til dæmis allt öðruvísi uppbyggð en

danskan. Ég var ákveðin í því að læra tungumál þótt ég yrði að hafa fyrir því. Það þarf að leggja á sig til þess að læra tungumál. Síðan var ég svo heppin, þegar ég var í Menntaskólanum í Reykjavík, að mín kynslóð lærði fjögur tungumál í máladeild fyrir utan íslenskuna: latínu, dönsku, þýsku og frönsku. Þar fékk ég góðan grunn í þessum tungumálum. Við þurftum ekki að velja, okkur var bara sagt að lesa þetta og læra. Mér fannst fremur auðvelt að læra tungumál og um leið og ég fór að lesa frönsku vissi ég að þessu tungumáli langaði mig virkilega að kynnast betur.

Leiðin til Frakklands

Foreldrar mínir fæddust fyrir aldamótin 1900 og mamma var orðin 36 ára þegar hún eignast sitt fyrsta barn og það var ég. Pabbi var fertugur. Mamma hafði starfað í Berlín á árunum eftir fyrri heimsstyrjöldina og þegar ég hugsa um það nánar held ég að það hversu mikið foreldrar mínir töluðu um önnur lönd og ástandið í heiminum hafi haft djúpstæð áhrif á mig og löngun mína til að ferðast og kynnast heiminum af eigin raun. Mér fannst þetta allt svo merkilegt.

Þegar ég sagði pabba að ég vildi fara til til útlanda, sagði hann, þú ferð bara ekki til Danmerkur! Ég var svo hissa, heldur hann að ég fari að stunda krárnar eða eitthvað í þeim dúr? Löngu seinna áttaði ég mig á því að þetta var bara nokkrum árum eftir að Ísland lýsti yfir sjálfstæði 1944, sem Danir voru óánægðir með, og hann var hræddur um að Danirnir myndu tala niður til mín. Mér datt ekki í hug að fara til Þýskalands en Frakkland togaði í mig fyrst og fremst vegna þess að mig langaði að kynnast menningu lands sem var vagga nýrra strauma. Í mínum huga var Frakkland staðurinn þar sem -ismarnir urðu til, nýjar hreyfingar og stefnur í listum og pólitík. Ég lagði hart að mér í frönskunni, tók meira að segja aukatíma hjá Gunnari Norland, sem kenndi ensku og frönsku við Menntaskólann. Við vorum þrjú sem ætluðum saman til Frakklands og Gunnar kom heim til mín á Ásvallagötuna og kenndi okkur svólítið í frönsku. Það kom mér að góðum notum á stúdentsprófi því Páll gamli Sveinsson, frönskukennarinn okkar í Menntaskólanum, vissi hvert ég stefndi og hann lét mig beygja í kennimyndum

erfiðustu sögnina sem við höfðum lært, sögnina *craindre* 'að óttast' Hann sneri baki í mig á meðan ég fór með beygingarnar en sneri sér svo snögglega við og sagði: Og hvað er svo „að vera hræddur“? *Avoir peur*, sagði ég, því að vera hræddur byggir ekki á sögninni *craindre*, og hann var hæstánægður með það svar, en sjálf skalf ég á beinunum af ótta við að standa mig ekki í þessu uppáhalds tungumáli mínu.

Fjallaklifur í frönskum háskóla

Við fórum þrjú til Grenoble í Frakklandi strax eftir stúdentsprófið, árið 1949. Á þeim tíma var ekki hægt að komast inn í franska háskóla nema með því að taka inntökupróf sem var eins og hálfgerður hreinsunareldur. Við fórum til Grenoble því að franska sendiráðið á Íslandi ráðlagði okkur að fara ekki til Parísar, heldur í minni háskóla þar sem ættum ef til vill meiri líkur á að komast inn. Það voru aðeins 30 nemendur teknir inn og auðvitað féllum við og ég þurfti að skrifa heim og segja að ég hefði ekki náð þessu prófi.

En ég gafst ekki upp og gerði aðra tilraun. Fyrir inntökuprófið þurfti að læra tvö fög sem maður var svo prófaður í. Annars vegar vorum við prófuð í erlendu tungumál og ég valdi þýsku í fyrra skiptið, svo ensku. Hins vegar áttum við að skrifa ritgerð á lýtalausri frönsku og samkvæmt frönsku aðferðinni: inngangur, umræða 1, umræða 2 og niðurstaða. Við kunnum ekkert í þessu og þetta var eitt fjallið að klífa. En það tókst að lokum. Í prófinu kom prófessorinn af og til og skrifaði á spássíuna hjá mér: *les deux sœurs ennemies*, óvinasysturnar tvær. Þá hafði ég eflaust ruglað saman merkingu orða í ensku og frönsku sem þýða ekki alltaf það sama þótt þau séu eins skrifuð. Mér fannst þó einkennilegt að líta á þessi tvö tungumál sem andstæðinga því í mínum augum var enskan frekar litla systir frönskunnar heldur en óvinasystir. Nú er oft talað um að orð séu *faux amis* – falskir vinir – í þessu samhengi.

Leikur að orðum

Eftir að ég komst inn í háskólann var ég til að byrja með mest í hefðbundnum bókmenntanámskeiðum en svo heillaðist ég af leiklistinni og leikbókmenntum. Það tengist einkum *avant-garde*

leikhúsinu sem var mjög vinsælt á þessum tíma og það nýjasta í leiklistinni. Ég áttaði mig snemma á því að framúrstefnuleikhúsið leikur sér að orðum, að tungumálinu, miklu frekar en að situasjónum. Ég var þá komin í Sorbonne-háskólann í París en ég var mikið í leikhúsinu, sat þar löngum stundum og horfði á leik-sýningar og var gjörsamlega heilluð af verkum absúrdistanna. Ég ánetjaðist eiginlega leikhúsinu í París. Þá hafði ég verið í þrjú og hálf ár í Frakklandi (1949–1953) og vildi vera þar lengur og leggja stund á leikhúsfræði en þá var enn ekki farið að kenna þá grein við háskóla þarlendis. Slíkt nám var aðeins í boði í tveimur háskólum í Evrópu, í Stokkhólmi og Vínarborg.

Frá Frakklandi fór ég til Svíþjóðar, þó ekki í nám í leikhúsfræðum heldur í franskrri fílólogíu við háskólann í Uppsöllum sem ég taldi geta komið að góðum notum og var þar einn vetur. Ég var þó alls ekki orðin afhuga leikhúsinu, ég ætlaði mér að læra meira á því sviði og las allt sem ég gat um leikhús og leikbókmenntir. Þegar farið var að kenna leikhúsfræði við háskólann í Kaupmannahöfn fór ég beint þangað í stað þess að fara til Vínar og tók öll þau áfangapróf sem hægt var að ljúka í þeim fræðum.

Óvænt starf

Eftir Danmerkurdvölinu kom ég heim og var þá með í farteskinu þennan brennandi leikhúsáhuga, leiklistina, og auðvitað frönskuna; ég hafði lesið mikið af frönskum bókmenntum og hafði mikinn áhuga á þeim. Einn dag hitti ég svo Magnús franska, Magnús Jónsson sem kenndi frönsku við Menntaskólann í Reykjavík og Háskóla Íslands, niður á Austurvelli og hann spyr mig strax hvort Frakkar séu enn þá með fjögur nefhljóð vegna þess að um það leyti voru tvö frönsku nefhljóðanna að renna saman í eitt. Stuttu síðar hringdi hann í mig og sagði að það vantaði frönskukennara í Menntaskólann. Sigríður Magnúsdóttir frönskukennari átti þá von á barni og ég var beðin um að koma í hennar stað. Þannig var ég allt í einu farin að kenna án þess að hafa nokkurn tímann ætlað mér að verða kennari. Ég hafði hugsað mér að starfa við leiklistina og þýða fyrir leikhús. En þegar til kom gekk kennslan ljómandi vel. Ég held að það sé vegna þess að ég byrjaði í stelpubekk og þær kunnu vel að

meta hvað ég var frönsk í tauinu. Ég var líka nálægt þeim í aldri. Þar sem ég var orðin föst í kennslu í Menntaskólanum ákvað ég að fara upp í háskóla og taka kennslufræðipróf til að hafa þetta allt eins og það átti að vera. Reyndar fór ég líka í frönsku til Magnúsar franska og kláraði BA-prófið. Á þessum tíma var ég með leikhúsið í bakgrunninum, ég tók þátt í að stofna leikhópinn Grímu árið 1961, sem sýndi í Tjarnarbæ, og þá fór ég loks að þýða frönsk leikrit eins og ég hafði lengi ætlað mér að gera. Við byrjuðum á því að sýna *Læstar dyr* (*Huis Clos*) eftir Sartre og sú sýning heppnaðist mjög vel. Svo þýddi ég önnur verk eftir ýmsa höfunda, m.a. Tardieu, Arrabal, Molnár og Feydeau.

Að fara inn í tungumálið

Í menntaskólakennslunni lagði ég mikla áherslu á málfræði og ég kenndi sagnirnar mjög vel, því að sögnin er einn mikilvægasti hluti setningarinnar. Þú kemst aldrei langt í tungumáli ef þú kannt ekki málfræði. Það er til dæmis erfitt í frönsku að átta sig á því að tíð sagnorða hefur önnur áhrif á merkinguna en í íslensku. Ég kenndi samsetningu málsins og svo urðu nemendur sjálfir að læra orðin. Í prófum var mikið af málfræðigildrum, með neitun, deiligreini og fleiri málfræðiatríðum sem reynast Íslendingum erfið. Svo var ég alltaf að leita að einhverju sem héldi kennslunni lifandi því að þegar nemendum leiðist verður allt leiðinlegt. Ég lét þau lesa bókmenntir, *Candide* (*Birting*) eftir Voltaire, sögur og textabrot sem Páll Sveinsson hafði valið og birt í *Kennslubók í frakknesku*, en mörg verk sem ég hafði dálæti á voru of þung og komu ekki til greina. Svo var það tónlistin og kvikmyndirnar. Yves Montand var þá upp á sitt besta og ég hvatti nemendur óspart til að hlusta á franska söngva og horfa á kvikmyndir ef verið var að sýna þær í kvikmyndahúsum. Guðmundur Arnlaugsson, sem var fyrsti rektor Menntaskólans við Hamrahlíð, bað mig um að skipuleggja frönskukennsluna við þennan nýja skóla og þar kenndi ég líka í nokkur ár.

Magnús Jónsson var þá aðalkennarinn í frönsku í Háskóla Íslands og ég kenndi einn vetur hjá honum, bæði franska leiklistarsögu og svo framúrstefnuleikritin. Háskólakennslan var öðruvísi og byggði nær eingöngu á umræðum. Það var óskaplega gaman að kenna

Samuel Beckett og oftast tókst mér að vekja áhuga á þessum verkum hjá nemendum með því að láta þau lesa textana og æfa. Þennan vetur æfðu nemendur leikþátt í háskólanum og settu svo upp hjá frönsku menningarstofnuninni Alliance française í Reykjavík. Það er ekki nóg að lesa bókmenntir í tungumálanámi þótt það sé mikilvægt að lesa og skilja það sem maður les. Nemendur verða að geta hlustað á hið talaða orð, þess vegna eru leikhús og bíómyndir nauðsynleg til að átta sig á muninum. Þetta snýst ekki um skilja með því að þýða heldur að fara inn í erlenda tungumálið úr sínu eigin tungumáli. Ég lét nemendurna til dæmis frekar endursegja texta heldur en þýða frá orði til orðs til að ganga úr skugga um hvort þeir hefðu raunverulega skilið hann. Tungumálið er ekki bara texti á bók, það er lifandi og öðlast líf í huga og tali fólks. Það eru æfingar í kínverskri leikfimi sem eiga að kyrra hugann, hvíla hann og tæma. En það er ómögulegt að hugsa ekki neitt. Þú hugsar alltaf á einhverju tungumáli þótt ekki sé nema til að segja við sjálfan þig: ég kyrri hugann, ég kyrri hugann, ég kyrri hugann. Þótt ég hafi ekki tekið þetta sem dæmi í kennslunni þá var ég í raun alltaf að segja þeim að það væri innbyggt í manninn að tala tungumál og síðan væri það gæfa hans ef hann gæti tjáð sig vel á viðkomandi tungumáli. Þá myndi hann skrifa það. Ég hef þó aldrei fílósoferað mikið um tungumál við nemendur þótt ég hafi nálgast þau frá ólíkum sjónarhornum og alltaf spurt nemendur hvað þeim finnst, hvernig þeir skilji viðfangsefnið. Ég hef alltaf lagt mig fram um að virkja nemandann og reyna að ná til einstaklingsins.

Bonjour Vigdís, où est Gérard?

Eitt af mínum metnaðarmálum þegar sjónvarpið byrjaði hér á Íslandi – þótt ég hafi ekki haft frumkvæði að því sjálf – var að kenna tungumál í sjónvarpinu. Þá var litið svo á að sjónvarpið skyldi nota til fræðslu og þar voru sýndir margir kennsluþættir. Guðmundur Arnlaugsson var með mengjastærðfræðina, Heimir Áskelsson, dósent, kenndi ensku, Kristján Eldjárn var með fornleifafræði og seinna Þór Magnússon. Pétur Guðfinnsson, bekkjarbróðir minn úr menntaskólanum, sem hafði líka verið í Grenoble og var framkvæmdastjóri Sjónvarpsins, hafði samband við mig

og sagði að verið væri að gera kennsluprógramm og til staði að kenna frönsku, ásamt enskunní. „Þú ert upplögð í það,“ bætti hann við, og ég sagði já við þennan gamla vin minn og fór að vinna að þáttunum, *Á frönsku*, sem voru sýndir í einn vetur (1971–1972). Ég var svo nákvæm í þessu að ég skrifaði alla þættina niður en Magnús Bjarnfredsson, dagskrárgerðarmaður, hafði aldrei séð fólk koma með skrifað handrit í þættina. Frakkinn Gérard Vautey var aðstoðarmaður minn í þáttunum til að hafa framburðinn réttan, og svo notuðum við frábæra þætti sem Alliance Française hafði látið búa til í samvinnu við franska leikhúsið La Comédie française. Þetta voru stuttir leiknir þættir, sniðugir og grípandi, með vel afmörkuðum viðfangsefnum og setningarnar voru einfaldar og skýrt bornar fram af leikurunum. Svo spjölluðum við Gérard í kringum þetta. *Bonjour Vigdís, où est Gérard?* sögðu svo krakkarnir við mig úti á landi þegar ég var þar á ferð sem leiðsögumaður á sumrin. Frönskukennslan í sjónvarpinu var vinsæl og ég held að það mætti aftur virkja sjónvarpið sem kennslumiðil. Það mætti kenna ýmis tungumál, þýsku, frönsku og fleiri, en þetta má ekki gera eins og maður sé inni í kennslustofu. Svo hringdi Pétur aftur í mig nokkrum árum síðar, þegar ég var farin að vinna í leikhúsinu, og spurði hvort mér væri ekki sama þótt tekið yrði yfir þættina, það bráðvantaði nefnilega spólur fyrir nýtt sjónvarpsefni!

Eins og staðan er nú á dögum þá held ég að tungumálakennsla eigi að nýta sér þá miðla sem allir eru svo uppteknir af. Það þarf að búa til kennsluefni sem passar á skjáinn, á skjáina. Það þarf að virkja þetta myndræna á sem fjölbreyttastan hátt því að margir hafa betra sjónminni en hljóðminni. Svo er það leiklistin sem á líka fullt erindi inn í tungumálakennsluna á öllum stigum námsins. En það eru engar töfraformúlur, maður lærir ekki tungumál á þremur vikum!

Gleðin yfir því að geta talað erlend tungumál

Það er ákveðin mótsögn í því að þrátt fyrir fjölmenni og alþjóðavæðingu á svo mörgum sviðum mannlífsins sé áhugi á tungumálanámi í rénun. Það er líka áhyggjuefni að sjá hversu illa íslenskir grunnskólanemendur standa að vígi miðað við marga jafnaldra sína

erlendis. Ég get aðeins talað út frá eigin reynslu og hún er sú að því fylgir mikil gleði að vera góður í tungumálum, að geta skilið aðra og tjáð sig, að hafa aðgang að erlendum fjölmiðlum, sama hvaða tungumál á í hlut, og vera ekki háður þessu eina tungumáli sem ætlast er til að allir kunni, enskunni, því auðvitað kunna ekki allir ensku þótt hún sé út um allt og þyki sjálf sögð. Ég spurði einu sinni sýningastjóra í kvikmyndahúsi hér í bæ hvort þeir ætluðu ekki að fara að sýna meira af frönskum kvikmyndum. Hann svaraði því til að þeir sýndu svo lítið að útlenskum myndum! Nú þarf alla jafna að halda sérstakar kvikmyndahátíðir til að kvikmyndir sem ekki eru á ensku séu sýndar hérlendis. Það að kunna erlent tungumál víkkar sjóndeildarhringinn og þótt enskan standi vissulega fyrir sínu er sorglegt að hafa ekki aðgang að heiminum öðruvísi en í gegnum hana. Tungumál veitir okkur aðgang að menningunni sem það stendur fyrir og hefur búið það til. Ég vildi ekki missa af einu orði sem ég hef lært í erlendu tungumáli. Í mínum huga felst gleði í því að heyra ólík tungumál og geta fótað sig í þeim.

Franskan varð fyrir valinu hjá mér og hún hefur sannarlega auðgað líf mitt. Samt byggji ég á vissan hátt allt á minni eigin menningu. Federico Mayor, sem var framkvæmdastjóri Menningarmálastofnunar Sameinuðu Þjóðanna frá 1987 til 1999, kom eitt sinn að máli við mig eftir að hafa hlustað á mig flytja erindi og sagði, „allt yðar mál byggid þér á eigin sagnaarfi“. Og það var alveg rétt. Ég get alltaf leitað til Snorra, í Gylfaginningu, eða í Hávamál, þótt ég tali erlent tungumál. Þessi tenging milli tungumála og menningarheima er gríðarlega mikilvæg. Það reyni ég ávallt að benda á sem velgjörðasendiherra tungumála. Maður vinnur og hugsar alltaf út frá sinni eigin sjálfsmynd, eigin menningararfi, en það að kunna erlent tungumál lýkur upp dyrum að nýjum hugmyndaheimi og færir okkur nær þeim veruleika sem hver þjóð býr við. Það á að sjálf sögðu líka við um þá útlendinga sem læra íslensku.

Heimborgari, heimskona

Námið erlendis hafði afskaplega mótandi áhrif á mig sem einstakling. Þegar ég fór utan var ekki talað saman í síma milli landa nema það hefði orðið stórslys eða dauðsfall eða eitthvað svoléiðis. Þess

vegna var maður óendanlega langt frá ættjörðinni og allt var öðruvísi. Á þeim tíma hefði til dæmis engum dottið í hug á Íslandi að borða blóðuga steik! Ég bar allt saman við heimahagana og skrifaði ótal bréfi heim um það sem ég sá og heyrði, það sem var að gerast í kringum mig og þessa nýju sýn á heiminn sem var mér svo mikill innblástur að öllu leyti. Foreldrar mínir þekktu til í Evrópu, þau voru heimsborgarar, og þessi Frakklandsdvöl gerði mig að heimskonu. Fátt hefur komið mér á óvart síðan því að ég fékk góðan undirbúning í því að mæta hinu nýja, hinu óvænta. Ég sendi dóttur mína í skóla í Sviss til að læra frönsku því að ég vildi gefa henni eitt það besta sem ég hefði eignast sjálf, deila með henni gleðinni yfir því að skilja nýtt tungumál og kynnst menningu þess. Þannig sé ég tungumálin ekki bara sem leið til samskipta og skilnings heldur sem fjársjóð sem gerir okkur kleift að rækta okkar innri mann.